


eins 4 hús að standa, en þau voru: Túngata 8, Aðalstræti 10 (Silli og Valdi), Aðalstræti 6 (Morgunblaðshúsið) og Fischersund 3 (bakaríið). Miklar umræður spunnust í kring um þessa tillögu og voru meðal annars stofnuð íbúasamtök í Grjótaþorpi.

Tillagan inniheldur svokallaða raðbuggingarlausn og er gert ráð fyrir óbreyttu gatnakerfi. Dæmi um raðbyggingarlausn má sjá í Austurstræti, Hafnarstræti, við Laugaveg og víðar, þar sem lokaðir húsgaflar 3, 4 og 5 hæða húsa blasa við (stundum með ámáluðum auglýsingum).

Í gögnum með tillögunni kemur í ljós að borgarsjóður á 32% lóðanna í Grjótaþorpi (götur reiknaðar með), Silli og Valdi 18% og aðrir einkaaðilar 50%.

Tillagan hefur aldrei verið samþykkt. Meirihluta skipulagsnefndar fannst nýtingarhlutfallið of lágt! en minnihlutanum of hátt.

5. 12 nóvember 1975 er haldinn fundur í umhverfismálaráði Reykjavíkurborgar og eftirfarandi bókun gerð m.a.: Þar sem komið hefur fram, að fá húsanna (í Grjótaþorpi innsk. höf.) hafa verið könnuð með varðveislu í huga, óskar umhverfismálaráð eftir því, að áður en lengra sé gengið, verði Nönnu Hermannsson minjaverði falið að gera úttekt á byggingarsögulegu gildi húsanna og ástandi þeirra, auk þeirrar sögulegu könnunar, sem þegar er burjað á".

Nanna fékk til liðs við sig Stefán Örn Stefánsson arkitekt, sem hafði reynslu í uppmælingu gamalla húsa og hefur hann unnið að uppmælingu húsanna og könnun á ástandi ásamt Hjörleifi Stefánssyni arkitekt og í samráði við Árbæjarsafn. Starfsfólk Árbæjarsafns hefur hins vegar unnið að sögulegri könnin á svæðinu.

Niðurstöður þessarar könnunar liggja ekki fyrir, en eru á lokastigi. Fundargerð ofannefnds fundar er samþykkt í borgarráði.

6. 10. nóvember 1976 var haldinn fundur íumhverfismálaráði. Á fundinum var eftirfarandi bókað: „Ólafur B. Thors skýrði frá hugmyndum, sem nú eru ræddar í skipulags- og bygginganefnd um Grjótaþorp." Ólafur er formaður skipulagsnefndar. Annað er ekki bókað um þetta mál á þessum fundi. Á þennan fund átti að boða Nönnu Hermannsson, sem stendur fyrir könnun á Grjótaþorpi, **en það gleymdist.**

7. Þriðjudaginn 16. nóvember 1976 var haldinn fundur í skipulagsnefnd, þar sem eftirfarandi tillaga var samþykkt með 3:1 atkvæði (einn sat hjá): „Nýting í Grjótaþorpi verði 1,5. Einnig getur nýting íbúðarbygginga hækkað um allt að 0.5 ef um er að ræða þingl. kvöð um þá notkun. Gatnakerfi í Grjótaþorpi verði óbreytt í meginatriðum. Byggð verði þétt og lág (1—4 hæðir). Þök verði brött og auka má nýtingu með því að leyfa kvisti."

Ef litið er á síðustu setninguna, þá hafa í fyrsta lagi hallandi þök og kvistir ekki nokkurn skapaðan hlut með aðalskipulag að gera, heldur deiliskipulag (deiliskipulagstillagan, sem hangir við hliðina gerir hins vegar ráð fyrir hallandi þökum) og í öðru lagi kemur ekki fram, hvort þessi aukna nýting með kvistum er reiknuð með í nýtingarhlutfallinu.

Á sama fundi lagði Sigurður Harðarson arkitekt, sem á sæti í skipulagsnefnd, fram svohljóðandi tillögu: „Skipulagsnefnd samþykkir að fresta ákvörðunartöku um aðalskipulag Grjótaþorps, þar til kynntar hafa verið fyrir henni helstu niðurstöður könnunar á vegum umhverfismálaráðs og Árbæjarsafns á ástandi og varðveislugildi húsa í Grjótaþorpi. Telur nefndin óhjákvæmilegt að taka mið af þeirri könnun áður en ákveðin er endanlega landnoktun og nýtingarhlutfall."

Tillagan var felld með 3:1 atkvæðum.

HVERS VEGNA?

Hvers vegna svo algera endurbyggingu í Grjótaþorpi? Er gatnakerfið í miðbæ Reykjavíkur svona vannýtt? Er vöntun á lóðum fyrir miðbæjarstarfsemi? Er ekki verið að byggja tvo miðbæi í Reykjavík þ.e. Kringlumýri og Mjóddina í Breiðholti og einn í Kópavogi? Er ekki hægt að gera **þá** „intima"?

Ef fjölga á íbúum í gamla miðbænum, væri þá ekki nær að veita fólki, sem vill kaupa og gera upp gömul hús, húsnæðismálastjórnarlán, eins og veitt er við nýbyggingar? Þannig væri alla vega hægt að koma í veg fyrir, að þau fáu hús sem fá að standa verði notuð sem skrifstofu- eða lagerhúsnæði.

Grjótaþorp er enginn gimsteinn, enginn Gamla Stan í Stokkhólmi eða Tinganæs á Færeyjum, heldur fátæklegar leifar gömlu Reykjavíkur. En þó þær séu fátæklegar er engin ástæða til að gera þær fáu leifar ennþá fátæklegri. Einmitt þess vegna er ástæða til að niðurstöður könninarinnar liggi fyrir áður en ákveðið er að „endurnýja", svo hægt sé að gera tillögur, sem byggja á þekkingu á ástandi húsanna, sögu hverfisins og þeim kostnaði, sem því fylgir að gera betri húsin upp. Þá væri um leið hægt að varðveita heildarsvip svæðisins, sem eftir er. Þá mætti einnig hugsa sér að efnt yrði til samkeppni um skipulag Grjótaþorps, þó með þeim fyrirvara að tryggt væri, að ekki fari um tillögur í þeirri samkeppni eins og í hugmyndasamkeppninni um Bernhöftstorfuna, þ.e. að þeim verði stungið ofan í skúffu og húsin látin standa ónotuð, þar til þau eru orðin svo ónýt, að hægt er að rífa þau með góðri samvisku og litlum tilkostnaði.

Eða bíða þar til komið er „úr tísku" að varðveita gömul timburhús, en það hefur oft verið litið svo á og málin afgreidd með því, að varðveisla sé bara í tísku hjá listasnobburum og rómantískum kommúnistum. Eða hvað? Við skulum bara þakka fyrir að hús eru gerð upp og varðveitt, því þau verða ekki rifin á meðan. Það á alla vega ekki eftir að að skipta eftirkomendur neinu máli hvers vegna húsunum var haldið við. Aðalatriðið er að þau séu til. Það er aftur á móti önnur tíska, sem á eftir að valda eftirkomendum meiri erfiðleikum, en það eru flötu þökin og stóru gluggarnir.

Hún er annars merkileg þessi árátta okkar að vilja eyðileggja allt, sem minnir okkur á minni efni liðinna tíma. Í sveitum eru nýju hvítmáluðu villurnar byggðar beint fyrir framan eða ofan á rústum gamla torfbæjarins, til að koma í veg fyrir að nokkur geti séð, að í honum hafi verið búið.

Sömu sögu er að segja í Reykjavík. Þar eru gömlu húsin fjarlægð um leið og tækifæri gefst og byggð 3,4 eða 5 hæða hús með misjöfnum árangri.

TILLAGA

Svo aftur sé vikið að skipulagssýningunni, þá vil ég í fyrsta lagi hvetja borgarbúa til að skoða hana og taka sér góðan tíma. Fara ef til vill oftar en einu sinni. Í öðru lagi vil ég taka boði borgarstjóra og koma með ábendingar og athugasemdir. Þennan greinarstúf mun ég klippa út og setja í tillögukassann á Kjarvalsstöðum og bæti að lokum við eftirfarandi tillögum:

1. Að samþykkt skipulagsnefndar

Framhald á bls. 19

— Tollskrá

Framhald af bls. 32.

tollfrelsi á aðföngum til framleiðslu sinnar síðan, eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Á þessu hafa þó verið undantekningar og er með frumvarpinu stefnt að því að leysa þau vandamál, sem óleyst hafa verið á þeim aðlögunartíma, sem liðinn er frá 1970. Er hér einkum um að ræða niðurfellingu tolla á timbri og ýmiss konar plötum til smíða og bygginga úr trjáviði og afnám tolla á ýmsum tekstrarvörum og hlutum til iðnaðar. Þá er samningsbundnum tollalækkunum á hráefnum til fataframleiðslu hraðað þannig að sú tollalækkun á þessum vörum, sem lokið skyldi í ársbyrjun 1980, kemur til framkvæmda strax í ársbyrjun 1977.

Hvað snertir fjárfestingarvörur aðrar en vélar og tæki hafa tollar á þeim yfirleitt ekki lækkað og eru þeir á bilinu 18 til 35%. Auk þess er lagður 20% söluskattur á flestar þessar vörur en sambærilegan skatt fá erlendir samkeppnisaðilar endurgreiddan gegnum virðisaukaskattkerfi viðkomandi lands. Þá greiðist 18% vörugjald af ýmsum fjárfestingarvörum, sem ekki er lagt á í nágrannalöndunum. Meðal annars með hliðsjón af þessum þætti í samanburði á gjöldum innlends verndarvöruiðnaðar annars vegar og erlendra samkeppnisaðila hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir því að tollar á helztu fjárfestingarvörum verði lækkaðir í áföngum frá og með ársbyrjun 1978 til ársbyrjunar 1980.

Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til þess að í lögum sem sett hafa verið um stjoriðju eru felld niður gjöld af helztu fjárfestingarvörum viðkomandi stóriðju auk gjalda af hráefnum, vélum og tækjum til að jafna samkeppnisaðstöðu hennar á erlendum mörkuðum. Almennur iðnaður hefur hins vegar ekki notið hliðstæðra ívilnana. Síðan segir í athugasemdunum: „Þegar tollvernd íslenzks iðnaðar lýkur 1980 verða ekki að öðru jöfnu lengur nokkur rök til að gera greinarmun á tollalegri aðstöðu stóriðju og almenns verndarvöruiðnaðar." Hins vegar er jafnframt bent á að ef algerlega á að jafna samkeppnisaðstöðu íslenzks iðnaðar við erlendan sé óhjákvæmilegt að taka upp virðisaukaskattkerfi hér á landi eða söluskattskerfi með virðisaukasniði.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir nýju heimildarákvæði í fjárlögum næsta árs þess efnis að fella megi niður að fullu söluskatt af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar. Þá er gert ráð fyrir frekari lækkun fjáröflunartolla, en þeir voru lækkaðir á mörgum vörum úr 100% í 80% 1974. Er gert ráð fyrir því að þeir tollar sem enn eru 100% lækki í tveim áföngum, 1. janúar 1978 og 1. janúar 1980 í 80%. Þá er gerð sú tillaga að magntollar, aðrir en af olíum, verði felldir niður, en í staðinn lagður á 4% verðtollur á þær vörur, sem magntollur hefur verið lagður á að undanskildum kartöflum. Auk gjaldalækkana eru gerðar tillögur um breytingar sem leiða af breytingum á hinni alþjóðlegu tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins, breytingar á 3. grein tollskrárlaga, sem fjallar um ýmsar undanþágur og lækkunarheimildir auk ýmissa efnisbreytinga.

Hraðskákmót Taflfélags Kópavogs

HAUSTHRAÐSKÁKMÓT Taflfélags Kópavogs fór fram um síðustu helgi (verður ekki um næstu helgi eins og missagt var í blaðinu s.l. þriðjudag).

Sigurvegari á mótinu var Guðni Sigurbjarnarson.



